

## Próftafla og lesefni – 5. bekkir Janúar 2013

Nemendur taka miðsvetrarpróf á tímabilinu 7.-16. janúar. Sérstakir prófadagar eru **15. og 16. janúar** og eru tekin tvö próf hvorn daginn með hléi á milli. Kennsla fellur niður þessa tvo daga og fara nemendur heim að loknum hádegisverði. *Gott er að hafa með sér drykk og ávöxt í nesti, heitur matur verður þessa daga kl. 11.*

Dagsetning	Tími	Próf
7.-12. janúar Tímasetning breytileg milli bekkja.	Á skólatíma	Framsagnarpróf Skrift
14. janúar - mánudagur	Á skólatíma	Bókmenntir og ljóð
15. janúar – þriðjudagur	Prófadagur: 8:30 9:30	Hlustun Stærðfræði (í hópum)
16. janúar - miðvikudagur	Prófadagur: 8:30 9:30	Stafsetning Málrækt

### Lestur – framsögn

- Umsjónarkennari og sérkennari taka ákvörðun í samráði við nemendur með sértæka lesröskun hvort þeir þreyta framsagnarpróf.
- Nemendur fá prófextann með sér heim daginn fyrir próf til að æfa sig. Þeir fá einnig að æfa sig í 10 mín. áður en prófið hefst.
- Í framsagnarprófi er áhersla lögð á raddstyrk, áherslutjáningu, viðeigandi þagnir og skýran framburð.
- Framsagnarpróf fer fram inni í bekk og lesa nemendur úr ræðupúlti stuttan texta úr sögu og ljóð fyrir framan bekkinn. Prófdómari og bekkjarkennari meta árangur og jafnframt fylgjast bekkjarfélagar með og taka þátt í námsmati.

### Stærðfræði

Til prófs er grunnbók *Stika 1a*, öll bókin.

Ekki er gefinn upp neinn gátlisti þar sem öll bókin er til prófs og gott efnisyfirlit með efnisatriðum er fremst í bókinni. Gott er að reikna æfingasíðurnar sem fylgja hverjum kafla ásamt prófblaðsíðum en þar eru aðalefnisatriðin dregin saman. Þeir sem vilja frekari æfingu geta einnig æft sig í æfingaheftinu.

### Stafsetning

Rifja upp stafsetningarreglur í *Mál til komið* grunnbók bls. 7-32 og reglur á bls. 102-103.


### Málrækt

*Málrækt 1* - bls. 5-75. Rifjið upp með hliðsjón af meðfylgjandi gátlista.

## Gátlisti í málrækt og stafsetningu

### Nemendur þurfa að kunna skil á eftirfarandi þáttum:

- Þekkja sérhljóða og samhljóða ( til dæmis: a, e, i – s, k, r )
- Þekkja breiða og granna sérhljóða ( til dæmis: a – á )
- Kunna –ng og – nk regluna
- Vita hvenær á að nota stóran staf
- Kunna reglurnar um n-nn
- Kunna að raða í stafrófsröð
- Kunna að búa til samsett orð ( penni + veski = pennaveski )
- Kunna að finna samheiti ( hestur – fákur )
- Kunna að finna andheiti ( lítill – stór )
- Kunna að búa til réttar málsgreinar
- Kunna að raða málsgreinum í rétta tímaröð
- Geta skrifað rétt landaheiti/staðaheiti, tungumálaheiti og íbúaheiti
- Þekkja nafnorð
- Geta fundið nafnorð í texta
- Þekkja sérnöfn ( Óli, Snati ) og samnöfn ( hundur, blóm )
- Geta greint nafnorð eftir kynjum ( kk-kvk-hk )
- Þekkja eintölu ( et. ) og fleirtölu ( ft. ) (bók-bækur)
- Geta bætt greini við nafnorð ( minn-mín reglan )
- Kunna að fallbeygja nafnorð ( hér er (nf), um (þf), frá (þgf), til (ef.)
- Þekkja sagnorð
- Þekkja lýsingarorð



### Ljóð og bókmenntir

Til prófs eru eftirfarandi sögur og ljóð:

#### Bókmenntir (Blákápa):

- Húspostilla bls. 11-14
- Sossa og Setta bls. 16-22
- Tóta og Ásdís bls. 28-34
- Hér segir frá Títusi bls. 36-43
- Dagurinn sá bls. 45-55

Nauðsynlegt er að byrja að rifja sögurnar upp sem fyrst og er mælt með að lesa þær aftur sem heimalestur dagana fram að prófi. Munið að fara vel yfir spurningarnar með sögunum. Bókin og vinnubókin mega vera heima fram að prófi.

#### Ljóð lærd utanbókar:

- Öfugmælavísa
- Sprettur (1. erindi)
- Hver á sér fegra föðurland (1. erindi)
- Staka

Þekkja þarf höfunda á ljóðum og sögum. Einnig þurfa nemendur að kunna að greina rím í ljóði og þekkja hugtökin; kvenrím, karlrím, endarím, runurím og víxlrím.

## Ljóð

### Öfugmælavísa

Í eld er best að ausa snjó,  
eykst hans log við þetta,  
gott er að hafa gler í skó  
þá gengið er í kletta.

*Höf: Bjarni Jónsson  
Borgfirðingaskáld*

### Sprettur

Ég berst á fáki fráum  
fram um veg.  
Mót fjallahlíðum háum  
hleypi ég.  
Og golan kyssir kinn.  
Og á harða, harða spretti  
hendist áfram klárinn minn.

*Höf: Hannes Hafstein*

### Hver á sér fegra föðurland

Hver á sér fegra föðurland,  
með fjöll og dal og bláan sand  
með norðurljósa bjarmaband  
og björk og lind í hlíð?  
Með friðsæl býli, ljós og ljóð,  
svo langt frá heimsins vígaslóð.  
Geym, drottinn okkar dýra land  
er duna jarðarstríð.

*Höf: Hulda*

### Staka

Hávært tal er heimskra rök.  
Hæst í tómu bylur.  
Oft er viss í sinni sök  
sá sem ekkert skilur.

*Höf: Örn Arnarson*